

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Akraness.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 3. júlí 1996 staðfest breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Akraness, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að lega Faxabrautar og Akursbrautar breytast, að fyrirkomulag innkeyrslu á lóð verksmiðjunnar breytist, að fyllt verður upp í höfnina framan við fiskimjölsverksmiðju, að ákveðin er ný staðsetning hráefnisgeyma, að lýsisgeymar verða færðir að suðurhlið verksmiðjunnar og að leyfðar verða viðbyggingar við verksmiðjuhúsið á tveimur stöðum.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 455

7. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 3. júlí 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er legu Faxabrautar og Akursbrautar.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 456

25. júlí 1996

REGLUR

fyrir skólahús og félagsheimili Hraungerðishrepps í Árnessýslu.

1. gr.

Nafn hússins er Þingborg. Eigendur félagsheimilishluta, 26.07/100 hússins, eru: Hraungerðishreppur að 92/100, Ungmennafélagið Baldur 5/100 og Kvenfélag Hraungerðishrepps 3/100.

Húsið er annars skólahúsnæði að 73.93/100.

2. gr.

Húsnefnd (framkvæmdanefnd) stjórnar rekstri hússins. Hún er þannig skipuð, að hver eignaraðili á þar einn fulltrúa og að auki sitja þar fulltrúi skólanefndar og skólastjóri fyrir hönd Þingborgarskóla.

Húsnefndin skiptir sjálf með sér verkum og heldur gerðabók um störf sín.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi er þurfa þykir. Skyld er henni að halda fund ef einn nefndarmanna óskar þess. Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn í júní, ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur þeirra félaga og stofnana sem aðild eiga að húsinu. Formaður húsnefndar boðar aðalfundi. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaðan af endurskoðendum sveitarsjóðs. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, svo nákvæma sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi, eða aukafundi aðalfundarfulltrúa. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

Frá Hraungerðishreppi 4 fulltrúar, þar af einn fulltrúi skólanefndar.

Frá Þingborgarskóla, 1 fulltrúi.

Frá Ungmennafélaginu Baldri, 1 fulltrúi.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps, 1 fulltrúi.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd fyrir yfirstandandi ár, aðalmenn og varamenn.

Félagsheimilið skal reka sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi.

Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a) Ráða húsvörð, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt.
- b) Ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur það nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, eigi það að vinna undir hans stjórn.
- c) Hafa yfirumsjón með ráðstöfun á félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra, með það að markmiði að nýting hússins verði sem best og hagkvæmust.
- d) Ákveða gjöld fyrir afnot af húsinu og fylgjast með innheimtu þeirra.
- e) Annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- f) Sjá um að viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda fari fram.
- g) Sjá um að ræsting hússins og lóðarinnar sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ítrasta hreinlætis í umgengni.
- h) Sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- i) Sjá um að löggæsla eða önnur nauðsynleg gæsla sé á samkomum eftir því sem þörf er á.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu greiða leigu fyrir afnot af húsinu umfram þeirra eignarhluta. Eigendum er skyld að heimila félögum sem um getur í 1. gr. laga nr. 107, 1970, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu, gegn hæfilegu gjaldi, ef það brýtur ekki í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfrá fyrir húsið. Verði ágreiningur um rétt til afnota eða leigugjald skal hlutaðeigandi sveitarstjórn skera úr. Um þann hluta sem telst skólahúsnæði gilda grunn-skólalög og hefir skólastarf þar forgang á starfstíma skóla.

6. gr.

Stefnt skal að því að leiga fyrir afnot af félagsheimilinu sé ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til að inna af hendi nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma ekki aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal jafnan gætt, að húseignin, áhöld og annar búnaður sé hæfilega vátryggður.

8. gr.

Félag er heldur samkomu í félagsheimilinu, skal hafa þar gæslumann af sinni hálfu. Skal húsverði tilkynnt, áður en samkoma hefst, hver sé gæslumaður. Sé húsvörður ekki við samkomuslit, skal gæslumaður ganga á þann hátt frá húsinu sem húsvörður hefir lagt fyrir. Einnig gildir þessi regla um hópa sem stunda íþróttæfingar í sal.

9. gr.

Húsvörður skal sjá um að húsið sé jafnan ræst og þrifið reglulega með viðeigandi ræstifnum. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóð umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri og skal húsnefnd sjá um að hún sé jafnan vel hirt. Bifreiðastæði skal vera við félagsheimilið.

11. gr.

Húsvörður skal sjá um, að fánastöng við húsið sé jafnan í góðu lagi, fáni heill, með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla með viðhald og viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: Málningu, fúavörn, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir, glugga, gólfklæðningar, veggklæðningar, hreinlætistæki, hitunarkerfi, raflagnir og lýsingu, vatnslagnir og krana, eldvarnarbúnað og búnað í eldhúsi.

13. gr.

Skemmdir á húseigninni, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skal sá bæta, er húsið hefir til afnota þegar skemmdirnar eru unnar.

14. gr.

Um meðferð áfengis í húsinu gilda þar að lútandi reglur í lögreglusamþykkt Árnessýslu.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til laga um félagsheimili frá 1970 og gildandi grunnskólalaga frá 1995, voru samþykktar á aðalfundi húseigendafélags Þingborgar, 9. október 1995.

F.h. Þingborgarskóla,
Sigurgeir H. Friðþjófsson.
F.h. hreppsnefndar Hraungerðishrepps,
Guðmundur Einarsson.
Betzy Marie Davíðson.
Þuríður Einarasdóttir.

F.h. skólanefndar Hraungerðisskólahverfis,
Margrét Einarasdóttir.
F.h. Kvenfélags Hraungerðishrepps,
Jónína Einarasdóttir.
F.h. Ungmennafélagsins Baldurs,
Ingvar Hjálmarsson.

Framanskráðar reglur eru hér með staðfestar með skírskotun til 5. gr. laga um félagsheimili, nr. 107/1970 með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

29. júlí 1996

Nr. 457

AUGLÝSING

um friðlýsingu Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og nágrennis í Öxarfjarðarhreppi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið, að undangengnum samningaviðræðum við landeigendur Hafursstaða og Bjarmalands, svo og sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, að friðlýsa Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss svo og næsta nágrenni þeirra austan Jökulsár á Fjöllum, og er svæðið náttúruvætti.

Mörk náttúruvættisins eru eftirfarandi: Að vestan fylgir náttúruvættið miðlínu Jökulsár á Fjöllum og austan þjóðvegi nr. 864. Að norðan takmarkast svæðið af línu sem hugsast dregin vestan úr toppi Eilífs um Syðsta Randarhól að þjóðveginum. Suðurmörk svæðisins markast af línu sem hugsast dregin af toppi Eilífs austur í topp Ytra-Norðmelsfjalls.

1. gr.

Náttúruverndarráð skal skipa fimm manna umsjónarnefnd með náttúruvættinu. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af landeigendum, og einn af Öxarfjarðarhreppi. Náttúruverndarráð skal tilnefna einn og er sá formaður nefndarinnar. Með sama hætti skal tilnefna fimm fulltrúa til vara. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitastjórnar. Þeir sem tilnefna fulltrúa í nefndina bera kostnað þann sem af nefndarstörfum hlýst.

Hlutverk umsjónarnefndarinnar er að sjá um náttúruvættið, gefa álit um áætlanagerð sem varðar framkvæmdir innan þess, o.fl. sem við kemur rekstri og framkvæmdum.

Nú liggur mál til afgreiðslu hjá nefndinni en ekki tekst að kalla hana saman. Skal formaður hafa samband við nefndarmenn og fá samþykki meirihluta til að afgreiða mál sem ekki geta beðið næsta fundar í nefndinni. Tilkynna skal öðrum nefndarmönnum og Náttúruverndarráði bréflaga um slíkar afgreiðslur án tafar.

2. gr.

Náttúruverndarráð vinnur að gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið og greiðir kostnað sem hlýst af því. Stefnt skal að því að tryggja góða aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu og koma upp viðeigandi mannvirkjum til þess að fengnum tillögum umsjónarnefndarinnar.

Náttúruverndarráð sér um landvörslu á svæðinu í a.m.k. 8 vikur á ári.

3. gr.

Um náttúruvættið gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Náttúruverndarráðs að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.